

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 23. ÁRG. 2017



JÓLAHUGVEKJA
JÓHANNS ALFREÐS

8

VIÐTAL VIÐ HERVÖRU
ÞORVALDSDÓTTUR

12

ÆVISAGA OG ALDAR-
SPEGILL EGGERTS CLASSÉN

20



- | | | |
|---|--|---|
| <p>4 EVA HALLDÓRSDÓTTIR
Leiðari</p> <p>6 REIMAR PÉTURSSON
Friðhelgi einkalífs á tölvuöld</p> <p>8 JÓHANN ALFREÐ KRISTINSSON
Jólahugvekja: Fjórða iðnbyltingin</p> <p>10 VIÐTAL VIÐ HERVÖRU ÞORVALDS-
DÓTTUR
Að Landsréttur tali einu máli</p> | <p>14 HÁDEGISVERÐARFUNDUR
Fyrirkomulag Landsréttar í
Danmörku</p> <p>16 EVA HALLDÓRSDÓTTIR
Námskeið um millidómstig</p> <p>20 SKÝRSLA OG FÉLAGSFUNDUR
LMFÍ skorar á dómsmálaráðherra
að tryggja réttindi hælisleitenda</p> | <p>22 SAGA ANNARS STOFNANDA
MÁLFLUTNINGSMANNAFÉLAGS
ÍSLANDS
Ævisaga og aldarspegill</p> <p>28 KOLBRÚN GARÐARSDÓTTIR
Hugleiðingar um #METOO
byltinguna</p> |
|---|--|---|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfí@lmfí.is
Heimasíða: www.lmfí.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Eva Halldórsdóttir hdl.

Ritnefnd:
Björgvin Halldór Björnsson hdl.
Daníel Isebarn Ágústsson hrl.
Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.
Viðir Smári Petersen hrl.

Blaðamaður:
Eyrún Ingadóttir

Stjórn LMFÍ:
Reimar Pétursson hrl., formaður
Arnar Þór Stefánsson hrl., varaformaður
Þórdís Bjarnadóttir hrl., ritari
Ástráður Haraldsson hrl., gjaldkeri
Heiðrún Jónsdóttir hdl., meðstjórnandi

Starfsmenn LMFÍ:
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Eyrún Ingadóttir félagsdeild
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd:
Hervör Þorvaldsdóttir forseti Landsréttar.
Ljósmyndari: Marinó Flóvent.

NETFANG RITSTJÓRA:
eva@laekjargata.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 530 0800
ISSN 1670-2689



Varðveislu persónuupplýsinga lýkur með eyðingu þeirra



Við vinnum eftir vottuðu gæðakerfi



Örugg eyðing gagna

Bæjarflöt 4
112 Reykjavík

Sími: 568 9095
www.gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

TAKA TÖLVURNAR YFIR?

EVA HALLDÓRSDÓTTIR HDL.
RITSTJÓRI



Taka tölvurnar yfir?

Þróun gervigreindar hefur vægast sagt fleygt fram á undanförunum árum. Umræður þessa efnis eru daglegt brauð; hvernig tölvu tókst að sigra manninn í póker og skák eða hversu stutt sé í að sjálfkeyrandi bílar verði hið nýja norm. Svo er auðvitað líka hægt að spjalla við tölvurnar og spyrja Siri hvernig veðrið sé eða biðja Google Assistant að spila tónlist.

Áhrif þessarar þróunar verða líklega þau að tölvur og gervigreind munu smám saman að taka yfir kerfisbundin störf. McKinsey spáir því til að mynda að allt að þriðjungur starfa hverfi innan fárra ára með hagnýtingu gervigreindar og sjálfvirkni, þar með talin ýmis sérfræðiverk sem áður voru talin ónæm fyrir þessari þróun. Störfin sem munu standa eftir fyrir okkur mannfólkið eru þau sem eru síður kerfisbundin og þau sem fela það í sér að lagfæra annmarka sem koma upp við tölvuvinnslu og að hjálpa gervigreindinni að læra.

Lögfræðin og nútíminn

Lögfræðigeirinn hefur haft það orð á sér að vera heldur íhaldssamur og lögfræðingar þótt svifaseinir þegar kemur að því að tileinka sér nýja tækni.

Undanfarin ár hefur hins vegar orðið talsverð breyting hér á. Vefritið CB Insights greinir til að mynda frá því að á árinu 2016 hafi sprotafyrirtæki á sviði lögfræði slegið met þegar kemur að fjárfestingum, en á því ári var fjárfest í

greininni fyrir 155 milljónir Bandaríkjadala. Þannig virðast fjárfestar sjá ákveðin tækifæri til framþróunar enda um að ræða vettvang þar sem mörg verkefni teljast bæði kerfis- og reglubundin.

Þessi sprotafyrirtæki starfa á ýmsum sviðum lögfræðinnar.¹ Sem dæmi má nefna fyrirtæki eins og www.rocketlawyer.com, sem gefur kost á því að sérsníða skjöl af ýmsu tagi, og www.wevorce.com, sem veitir ráðgjöf þegar kemur að skilnaði. Svo eru það lausnir frá fyrirtækjum á borð við www.ravellaw.com, sem hefur það að markmiði að einfalda og flýta fyrir lögfræðilegum rannsóknum, www.lexoo.co.uk, sem aðstoðar neytendur við að finna rétta lögmanninn, og www.luminance.com, sem yfirfer samninga og önnur lögfræðileg skjöl til að mynda í tengslum við áreiðanleikakannanir.

Þá er áhugavert að vita til þess að eBay notar kerfi byggt á gervigreind til þess að leysa ágreining milli notenda sinna, um það bil 60 milljón mál á ári, fremur en að treysta á aðstoð lögmannna og dómara. Fjármálafyrirtækið JP Morgan Chase hefur síðan hagnýtt sér hugbúnað sem yfirfer lánssamninga og hefur haft í för með sér að vinna, sem áður tók lánafulltrúa og lögfræðinga um það bil 360.000 klukkustundir á ári að sinna tekur nú nokkrar sekúndur.

Kostir og gallar gervigreindar

Þessar breytingar benda til að smá saman séu að verða grundvallarbreytingar á starfi lögmannsins líkt og fjölda

¹ Á vef CB Insights má sjá ágæta samantekt á því hvers konar fyrirtækjum innan lögfræðigeirans fjárfestar hafa séð tækifæri í (<https://www.cbinsights.com/research/legal-tech-market-map-company-list/>)

annarra sérfræðingastétta. Og þær virðast allar bera að sama brunni; markmiðið er að flýta fyrir, minnka hættuna á mannlegum mistökum og auka þannig gæðin, og síðast en ekki síst spara kostnað. Allt til hagsbóta fyrir viðskiptavininn.

Þetta á sennilega ekki síst við þegar kemur að greiningu og úrvinnslu gagna. Undanfarið hafa þeir stafrænu brunnar sem leita má þekkingar og svara í dýpkað til muna, þar sem gagnasöfnun á netinu hefur vaxið með undraverðum hætti. Á þeim vettvangi er óumdeilt að tölvurnar hafa afskaplega mikið forskot á manneskjur, en leggja um leið nýjar kröfur á herðar okkur um tölvulæsi og hæfni til að stýra flóknum reikniritum.

Augljós galli við þennan nýjan veruleika er að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir hvernig tæknin virkar og tölvurnar eru orðnar svo þróaðar að þær eiga oft erfitt með að útskýra það fyrir fólki. Þá hafa einnig vaknað áleitnar spurningar um hvar og hvernig ábyrgð á mistökum liggur í þeim tilvikum sem gervigreindin bregst. Það er áhugavert að velja slíkum spurningum upp, til að mynda með hliðsjón af strangri neytendalöggjöf hér á landi.

Samspil skilar bestri niðurstöðu

Þeir sem hafa rannsakað áhrif gervigreindar á störf sérfræðinga hafa komist að því að besta niðurstaðan fáiast þegar gervigreind og vinnuframlag manneskjunnar fara saman; þegar þessar tvær aðferðir við að leysa vandamál eru látnar vega upp galla hvorrar annarrar.

Sem dæmi um þetta má nefna rannsókn sem sneri að greiningu á krabbameini. Samkvæmt henni gerðu manneskjur mistök við greiningu í 3,5% tilfella og tölvur með gervigreind náðu heldur lakari árangri, höfðu rangt fyrir sér í 7,5% tilvika. Þegar þessir tveir heimar hins vegar mættust og unnu saman lét árangurinn ekki á sér standa og samanlagt höfðu þeir eingöngu rangt fyrir sér í 0,5% tilvika, eða í 1 af hverjum 200 skiptum.

Vestur-Íslendingurinn Erik Brynjólfsson, prófessor við MIT í Boston, og kollegi hans Andrew McAfee, tveir mikilsvirtir sérfræðingar á sviði gervigreindar, hafa komist að sömu niðurstöðu, þ.e.a.s. að heppilegast sé að manneskjur haldi um stjórnartaumana og nýti sér gervigreind til þess að sinna kerfisbundnum þáttum starfsins. Slíkt fyrirkomulag hafi einnig oft í för með sér áhugaverðari verkefni fyrir sérfræðingana, lægri kostnað og betri niðurstöðu fyrir viðskiptavininn.

Þrátt fyrir alla þessa tölvutækni og þróun virðist því ekki vera ástæða til að örvænta, en líklega skynsamlegt að byrja fyrr en síðar að kynna sér þá möguleika sem í boði eru á þessu sviði. Þannig má ætla að þeir lögmennt sem fjárfesta í að skilja þau tækifæri sem í þróun gervigreindar kunna að felast eigi góða möguleika á því að ná ákveðnu samkeppnisforskoti á aðra. Þá má að endingu einnig velja því upp hvort að ástæða sé fyrir menntastofnanir hérlendis að taka mið af þessum breytta veruleika þegar kemur að kennslu á sviðum eins og lögfræðinni.



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

FRIDHELGI EINKALÍFS Á TÖLVUÖLD

REIMAR PÉTURSSON HRL.
FORMAÐUR



Ástæðurnar fyrir friðhelgi einkalífsins eru sjaldan ræddar og sjálfsgagt geta menn lengi deilt um hverjar þær séu. Sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins ræður þó mestu. Við viljum ákveða sjálf hvornig við högum einkalífi okkar. Vitneskja um að fylgst sé með takmarkar valkosti okkar því sumt sem við viljum gera viljum við ekki endilega að aðrir viti.

Hversu mikið þetta takmarkar valkosti okkar ræðst af viðhorfi hvers og eins en líka af eðli ákvörðunarinnar sem um teflir. Þeir sem eru ofurviðkvæmir myndu t.d. hugsanlega veigra sér við að fara niður í bæ vegna eftirlitsmyndavélanna sem þar eru. Flestir aðrir, sem þykja þær myndavélar ekki tiltökumál, kynnu hins vegar að forðast að leita lækninga nema leynd þar um væri geirnegld.

En hvornig sem því er varið er staðan sú að öll verðum við, þegar við tökum ákvarðanir, að vega og meta líkur á því að vitneskja um þær komist í hárnæli. Staðan er nefnilega sú að í fæstum tilvikum getum við verið viss um að leynd ríki um ákvarðanir okkar. Tölvutækni og tækjanotkun gerir einfaldlega söfnun upplýsinga afar skilvirka en býður aftur á móti ekki upp á algert öryggi.

Þetta þýðir ekki að við eigum að sætta okkur við óeðlileg inngríp í einkalíf okkar. Baráttan fyrir friðhelgi einkalífs er hins vegar ekki átaksverkefni. Baráttan útheimtir mikla fjármuni, samstilltar alþjóðlegar aðgerðir, þrotlausu vinnu og baráttan mun aldrei geta skilað okkur því öryggi sem

við myndum helst vilja. Þeir tímar þegar menn gátu, án umhugsunar, hagað sér eins og þeir vildu innan marka laga í sínu einkalífi eru einfaldlega liðnir.

—
Dómstólar hafa ekki verið í fylkingarbrjósti í þessari baráttu nema síður sé. Sé horft til úrskurða dómstóla sem varða störf lögmanna má nefna úrskurði sem hafa heimilað leit án takmarkana og endurritun í heild sinni á gagnþjónum lögmannsstofa, innbrot á lögmannsstofu og til að koma fyrir hlerunarbúnaði í fundarherbergi, hlustun á síma lögmanna og símtöl lögmanna við viðskiptavini, um skyldu lögmanna til að afhenda viðkvæmar heilsufarsupplýsingar til afnota við skattrannsóknir o.s.frv.

Aðrir handhafar ríkisvalds hafa nýtt sér það svigrúm sem dómstólar hafa samþykkt til takmarkana friðhelgi. Þar má t.d. nefna hvatningu ríkisins í formi viðskipta við þrjúta sem hafa brotist inn og stolið gögnum af lögmannsstofum. Allt hefur þetta verið gert með það göfuga markmið að leiðarljósi að upplýsa um möguleg lögbrot en einskis hófs hefur verið gætt og þeir hagsmunir sem tengjast friðhelgi viðskiptavina lögmanna hafa verið léttvægir fundnir. Samt eru það nú í grunninn ekki ómerkilegri hagsmunir en þeir hagsmunir réttarríkisins að lögin fái að ráða háttsemi manna og að málsmeðferð fyrir dómi sé réttlát.

—
Nýverið urðu nokkrir dómáramur fyrir barðinu á þjófnáði upplýsinga um fjármál þeirra. Í fjölmiðlum hefur komið

fram að þessi þjófnaður sé til rannsóknar hjá lögreglu en a.m.k. hingað til hafa rannsóknir slíkra mála verið neðarlega á forgangslista.

Fagna mætti því ef dómara settu fram almennar óskir um að friðhelgi einkalífs verði til frambúðar færð ofar á þessum forgangslista. Enn frekar mætti fagna ef dómara myndu framvegis gefa friðhelgi einkalífs meiri gaum í þeirra eigin embættisstörfum.

Óheppilegra væri hins vegar ef dómara settu fram sértækar kröfur um að harðar yrði tekið á þeirra máli en öðrum. Slíkar sértækar kröfur myndu engu áorka til langframa og gætu þessu utan orkað tvímælis frá sjónarhóli jafnræðis.

Eftir að upplýsingarnar um fjármál dómara komust í hendur fjölmiðla var ekki við fjölmiðla að sakast að birta þær. Upplýsingarnar voru ekki viðkvæmari en svo að aðilar mála hefðu átt lögvarinn rétt til vitneskju um helstu efnisatriði.

Málið varðaði störf dómstóla og þannig hagsmuni almennings. Upplýsingarnar sýndu að störf nefndar um dómara störf voru gagnrýnisverð, tilkynningar dómara til

nefndarinnar um fjárhagslega hagsmuni höfðu í sumum tilvikum verið vanræktar og að til staðar voru óþekkt álitamál um sérstakt hæfi dómara.

Allt þarfnast þetta umræðu og dómara geta ekki kvartað undan henni. Brot á friðhelgi þeirra skiptir út af fyrir sig engu máli fyrir þá umræðu. Vilji dómara engu að síður kvarta er mikilvægt að þeir hafi þá sérstaklega í huga valdastöðu sína, bæði gagnvart blaðamönnum sem þurfa reglulega að verja hendur sína fyrir dómstólum og þeim aðilum sem fara með rannsóknir mála sem þessara.

Þar með er ekki sagt að dómara þurfi að þola hvaða umfjöllun sem er um þessi mál. Þeir hljóta eins og aðrir að geta gert kröfu um að sú umræða fullnægi lágmarkskröfum. Lögmenn sem um fjalla verða þannig að fylgja siðareglum sem skylda þá til að sýna dómstólum tillit og virðingu.

Þó skal ítrekað, fyrst þetta er sagt, að lögmenn hvorki eiga né mega gefa dómstólum óeðlilega afslætti í umfjöllun sinni um gagnrýnisverð verk dómstólanna. Þeir mega hins vegar ekki fara rangt með og verða að gæta allrar viðeigandi virðingar og tillitssemi. Brjótí þeir gegn þessu verða þeir að vera tilbúnir að axla ábyrgð.

Gledileg jól

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda
Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi
Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi
Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi
Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi
Matthías M. Kristiansen, þýðandi
Daniel D. Teague, skjalaþýðandi
Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.
Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is



FJÓRÐA IÐNBYLTINGIN

JÓLAHUGVEKJA JÓHANNIS ALFREÐS KRISTINSSONAR



Maður stígur varla fæti inn í kaffisamsæti eða á tækifærisviðburði í dag án þess að renna á samræður fólks um aukna sjálfvirknivæðingu þjóðfélagsins, allt það hagræði sem af því kann að hljótask og þann aragrúa starfa sem kynnu með örrí tækniframþróun að verða óþörf í náninni framtíð. Ekki síst hefur maður heyrt því fleygt að mjög gæti fækkað í stétt lögmannna með notkun hugbúnaðar með gervigreind sem mun sérhæfa sig í að greina, og leysa lögfræðileg álitafni. Fyrirtækið fornfræga IBM í Bandaríkjunum gengur nú í endurnýjun lífdaga með þróun forritsins Watson. Með sífellt öflugri gervigreind og víðtækum aðgangi að upplýsingum er hægt að mata forritið með spurningum sem það svarar svo á augabragði. Og forritið hefur alltaf rétt fyrir sér. Er besserwisser upp á gamla móðinn og vann raunar milljón dollara í spurningaþættinum Jeopardy árið 2011 án þess að blása úr nös. Þetta er semsagt sterkefnað forrit líka.

Þegar ég stundaði laganám í HÍ urðu þau straumhvörf í náminu að nemendum gafst kostur á að þreyta próf á tölvu. Þetta var okkur mikið fagnaðarefni enda gat verið gífurlegt harðræði fólgandi því að þreyta nokkur þriggja tíma skrifleg próf á stuttum tíma. En auðvitað lét maður sig dreyma um að tölvun gæti jafnvel geymt öll svörin. Maður gekk úr skugga um að það væri ekki mögulega mappa á desktoppinu sem væri kannski með öll svörin fyrir mistök. Svo var reyndar aldrei en nú styttest semsagt í næstu byltingu. Að kennarinn leggi fyrir spurningar, sem nemendur leggja svo fyrir tölvuna sem standast svo allir með glæsibrag. Þetta verður eflaust mikil lyftistöng fyrir allt félagslíf í deildinni líka.

En vissulega veldur þessa öra þróun miklum áhyggjum líka. Lögmönnum er oft borið á brýn að vera þurrir og tæknilegir í allri sinni vinnu og nálgun á starfið. Sennilega mun sú skoðun fólks ekki breytast með tilkomu ofurtölvu sem í einni hendingu getur ákvarðað réttindi og skyldur fólks og verið handviss um sína niðurstöðu. „Computer says no“.

Og allar lögmennsstofur verða sennilega reknar af einyrkjum sem mata sitt forrit af spurningum og vangaveltum áður en þeir reka svo málin fyrir dómstólum. En Watson er auðvitað vonlaus samstarfsfélagi. Watson er ekki að fara að rífa sig upp snemma til að ná níu holum fyrir vinnudaginn. Forritið er ekkert í golfi. Það verður ekkert jólahlaðborð á Haust með Watson eða árhátíðarferð til Prag. Forritið mun aldrei safna saman óhreinum bollum, ráðast á uppvaskið eða baka múffur þegar þú átt afmæli. Og það verður ekkert hægt að ræða jólabókaflóðið við Watson í kaffitímanum. Yrsa er bara með sterkustu bókina í ár. Punktur.

Á hinn bóginn hljóta lögmenn að fagna þeim gífurlegu tækifærum sem kunna að felast í lúsiðnum starfskrafti eins og Watson. Með sífellt öflugri gervigreind færi ekkert tækifæri til málshöfðunar framhjá því. Forritið myndi geta vaktað allar útvarps- og sjónvarpsstöðvar og falli ærumeiðandi ummæli væri það búið að útbúa stefnu nánast um leið og hin meiðandi ummæli eru sett fram. Málinu gæti verið lokið með sátt á meðan hinn brotlegi væri enn til viðtals. Þessu til viðbótar gæti það útbúið nokkur hundruð stefnur þann daginn.

Að því sögðu er ég alls ekki svo viss um að umtalsverð fækkun verði á störfum fyrir lögfræðinga með þeim gríðarlega aukna málafjölda sem mun fylgja þessari fjórðu iðnbyltingu. Hið mannlega auga mun alltaf þurfa að koma nærri, t.d. í störfum fyrir dómstóla og sýslumannsembætti. Og forritið mun eflaust þróast út í að fara í vitjanir. Koma inn á heimili fólks. Fara í gegnum eldri skattaskýrslur, skoða alla bankareikninga, leggja mat á lóðamörk, skoða heilsufarssögu, samskipti við vinnuveitendur og allt það sem snertir hina lögformlegu hlið á lífi okkar. Forritið mun vafalaust eftir slíka skoðun senda út tugi stefna og stjórnsýslukæra bara fyrir hina meðal íslensku vísitölufjölskyldu. Nágranninn liggur í því fyrir að hagnýta

sér sameign. Bonnu frænku er stefnt fyrir að hafa aldrei lagt inn sinn hlut í stórafmælisgjöf. Desemberuppþót var vitlaust reiknuð út af vinnuveitenda fyrir þremur árum síðan. Þrálátir bakverkir eru nú orðnir sennileg afleiðing af skaðabótaskyldum atburði og svo mætti lengi telja.

Hvað svo sem verða vill í þessum efnum tel ég að það sé ekki nokkur ástæða til svartsýni. Gullöld lögfræðinnar gæti verið handan við hornið með fjórðu iðnbyltingunni.

KYNNUM BEOVISION ECLIPSE

Velkomin heim. Á stað þar sem tæknin stelar ekki athyglinni en er til staðar á réttum forsendum. Með samvinnun kristalærrar OLED 4K myndar og heimsins besta sjónvarps hjóðkerfis, endurskilgreinir nýja Beovision Eclipse tækið sjónvarpsupplifun þína. Beovision Eclipse er fánlegt í 55" og 65" stærðum.



bang-olufsen.com



BEOVISION ECLIPSE
BANG & OLUFSEN
LIKE NO ONE ELSE

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



TÓNLIST FRÁ MYNDLIST

Beosound Shape er nýtt þrúðlaust vegg hátalarakerfi fyrir listrænt hugsandi tónlistar-elskendur. Lausnin býður upp á innblástur í sviðsetningu hjóðs. Lögur og stærð, allt eftir þínum óskum auk innbyggðra hjóðdempara sem fullkomna hjóðrymið.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BANG-OLUFSEN.COM/SHAPE



BEOSOUND SHAPE
BANG & OLUFSEN

LIKE NO ONE ELSE

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

PRESS PAUSE
AND PLAY

Beovision Eclipse Energy class A

VIÐTAL VIÐ HERVÖRU
ÞORVALDSDÓTTUR FORSETA
LANDSRÉTTAR



AÐ LANDS- RÉTTUR TALI EINU MÁLI

Einungis nokkrir dagar eru þar til Landsréttur tekur til starfa. Undanfarnar vikur hafa verið annasamar hjá Hervöru Þorvaldsson frá því að nýskipaðir dómara kusu hana til að verða fyrsti forseti réttarins í júlí síðastliðnum. Þegar Landsréttur verður að fullu tekinn til starfa er gert ráð fyrir að starfsmenn verði u.þ.b. 33 og þessa dagana er verið að ráða hluta þeirra. Víðir Smári Petersen hrl. tók Hervöru tali um Landsrétt.



Ljósmynd: M. Flóvent

Tímafrek smáatriði

Hvernig hefur undirbúningur gengið?

Undirbúningurinn hefur gengið ljómandi vel þennan stutta tíma sem við höfum haft. Húsnæðið að Vesturvör 2, Kópavogi, er nokkurn veginn tilbúið en það vantar ennþá húsgögn. Það á að vera tilbúið 2. janúar 2018, alla vega þannig að hægt sé að hefja þar starfsemi. Björn L. Bergsson tók við starfi skrifstofustjóra 1. október síðastliðinn og svo erum við að taka viðtöl við verðandi aðstoðarmenn. Það sóttu 117 um þær stöður sem voru auglýstar svo það hefur tekið tíma að fara í gegnum umsóknirnar. Í byrjun ráðum við fimm aðstoðarmenn dómara og fimm á skrifstofuna. Það eru allir að koma nýir að Landsrétti og við þurfum að koma okkur upp verklagi og skipulagi á vinnunni áður en fleiri verða ráðnir.

Er eitthvað sem hefur komið á óvart?

Já, það eru smáatriðin sem eru tímafrek og mörg. Allt hefur tekið lengri tíma en gengið var út frá í upphafi.

Nú hefjið þið störf þann 1. janúar 2018. Sumir dómara hafa reynslu af dómstörfum og aðrir hafa annars konar reynslu. Er stress í mannskapnum?

Ég held að það hljóti að vera spennan en þetta er allt saman

fólk sem hefur sinnt ábyrgðarstörfum í svo langan tíma og getur tekið hverju sem er.

Hafið þið fengið ráðgjöf eða aðra aðstoð frá Hæstarétti, t.d. varðandi vinnubrögð og málsmeðferð innan réttarins?

Það hefur verið mjög gott samstarf við forseta réttarins sem og skrifstofustjóra. Svo höfum við farið bæði til Danmerkur og Noregs til að kynna okkur Landsrétt þar. Málsmeðferðin verður að einhverju leyti eins og er í Hæstarétti en ekki þó eins. Til dæmis þarf í mörgum málum að vera undirbúningsþinghald í Landsrétti en dómarar þurfa að skoða í hverju máli hvort þörf sé á því. Gert er ráð fyrir því að unnt sé að taka viðbótarskýrslur og að endurtaka sönnunarfærslur og því um líkt.

Verður deildarskipting hjá dómurum Landsréttar?

Já, við munum skipta réttinum í deildir en það hefur ekki enn verið ákveðið hve margir dómarar verða í hverri þeirra. Til að byrja með munu allir dómarar hafa til meðferðar kærumál. Svo skiptir máli að „rótera“, þannig að allir vinni saman á einhverjum tíma en deildarskipting verður ekki eftir sérsviðum. Það sem skiptir mestu máli er að það sé samræmi í dómaframkvæmd Landsréttar - að rétturinn tali einu máli.

Hvaða þýðingu hefur hin nýja dómstólasýsla?

Dómstólasýslan mun sjá um sameiginlega stjórnarsýslu fyrir öll dómstigin, m.a. til að unnt sé að samnýta ýmsa þjónustu fyrir dómstólana. Ólöf Finnsdóttir, sem var framkvæmdastjóri dómstólaráðs, tók til starfa sem framkvæmdastjóri þann 1. október síðastliðinn en dómstólasýslan verður vonandi til þess að sömu reglur gildi um alls konar stjórnarsýslu í kringum dómstólana; birtingu dóma og nafnbirtingu í þeim, svo það sé nefnt.

Tæknimál

Hvernig verða tæknimálin hjá ykkur?

Við munum taka í notkun nýtt málaskrákerfi sem var boðið út og þar var vel vandað til verka. Það heldur bæði utan um skráningu á málum og á stjórnarsýsluhlutanum. Það er verið að prófa kerfið núna og mér líst afskaplega vel á það. Svo er verið að leggja lokahönd á heimasíðuna sem verður svipuð og hjá Hæstarétti. Það er ekki alveg búið að setja upp upptökubúnað fyrir hljóð og mynd í Landsrétti en því er nokkurn veginn lokið í héraði. Það skiptir meira máli enda mun Landsréttur þurfa að skoða upptökur að einhverju leyti.

Þessi heimild til að horfa eða hlusta á skýrslutökur við aðalmeðferð, hvað ætlið þið að ganga langt í því?

Þetta er atriði sem dómara munu taka sameiginlega ákvörðun um. Ég tel það ekki góða málsmeðferð að sitja og horfa á myndbandsupptöku heilu dagana. Það þyrfti að vera tilgangur með því og það er gert ráð fyrir því í lögnum, eins og er gert með viðbótar sönnunarfærslu, að lögmenn geri grein fyrir því hvort og þá hvað er nauðsynlegt að skoða sérstaklega.

Málsmeðferð frá A-Ö

Hvað áætlid þið að það líði langur tími frá útgáfu áfrýjunarstefnu og þar til dómur fellur?

Við munum setja okkur markmið en hvort það verði sex mánuðir eða ár á eftir að koma í ljós. Við verðum að reyna halda málshraðanum skikkanlegum og réttarkerfinu skilvirku eins og hingað til, sem og kostnaði í lágmarki fyrir þá sem leita réttar síns.

Hvers vegna var áfrýjunarfresturinn stytur niður í fjórar vikur í stað þriggja mánaða?

Þrjár mánuðir er óþarflega mikið. Við samningu laganna skoðuðum við hvernig þetta er annars staðar og til dæmis er fresturinn fjórar vikur í Danmörku.

Er búið að ákveða hvernig skýrslutökum verði háttað og við hvaða aðstæður það verði gert?

Nei, en við höfum verið að koma okkur saman um vinnureglur um það. Það verður aldrei hægt að setja þetta alveg niður á blað. Milliliðalaus sönnunarfærsla gengur ekki út á það að endurtaka allar vitnaleiðslur. Lögmennirnir verða að rökstyðja af hverju skýrslutökur þurfa að fara aftur fram og við munum skoða það eins og aðrar kröfur. Þetta fer algjörlega eftir eðli málanna. Þetta á aðallega við í sakamálum og það er auðvitað markmiðið að fá rétta niðurstöðu.

Hvað gerið þið ráð fyrir að málflytningur taki langan tíma og ætlið þið að takmarka hann?

Ræðutími málflytjenda verður væntanlega takmarkaður að einhverju leyti en hvort það verður gert með rauðu ljósi eins og er í Hæstarétti er ekki víst. Það að takmarka ræðutíma er gott fyrir alla; lögmenn og dómara. 30-40 mínútur duga í flestum tilvikum til að komast að því hvað er aðalatriði máls. Við reynum bara að hafa þetta eins skilvirkt og við getum.

Mun ekki verða einhver skörun á verkefnum Hæstaréttar og Landsréttar fyrst um sinn?

Landsréttur og Hæstiréttur verða í svipuðum verkefnum næstu tvö árin en það er sá tími sem dómara Hæstaréttar hafa gefið sér til að ljúka þeim einkamálum sem berast réttinum til áramóta. Það má gera ráð fyrir að 90-95% þeirra mála sem nú fara fyrir Hæstarétt fari fyrir Landsrétt í framtíðinni. Markmið laganna er að Hæstiréttur taki eingöngu til meðferðar sérstök mál sem varða t.d. stjórnarskrá og ákveðin fordæmisgefandi mál.

Ásýnd réttarkerfis

Heldur þú að ásýnd réttarkerfisins verði önnur?

Það er viðbúið þar sem dómstigin verða nú þrjú í stað tveggja áður en tíminn verður að leiða það í ljós.

Að lokum, hvenær verður fyrsta aðalmeðferðin?

Við fáum fyrstu málin í janúar, kærumálin koma strax og þau þarf að afgreiða innan lögboðins tíma. Það fer síðan eftir því hvernig mál koma til okkar hvenær fyrsta aðalmeðferðin verður haldin, væntanlega nokkrum vikum eftir að við hefjum störf um áramót.



Ljósmynd: M. Flóvent



HÁDEGISVERÐARFUNDUR

FYRIRKOMULAG LANDSRÉTTAR Í DANMÖRKU

Hin nýja dómstólaskipan er handan við hornið og það komust færri en vildu á hádegisverðarfund sem Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands efndu til miðvikudaginn 18. október sl. þar sem fjallað var um málsmeðferð fyrir Landsrétti – útfærslu, verklag og önnur praktísk atriði. Fór fundurinn fram á Grand Hóteli og var Mikael Sjöberg, dómari við Eystri-Landsrétt í Danmörku, með framsögu.

Fundurinn hófst á ræðu fundarstjóra, Skúla Magnússonar héraðsdómara og formanns Dómarafélags Íslands, þar sem hann rakti sögu Hæstaréttar Íslands sem bæði æðsta dómstóls landsins og áfrýjunardómstóls. Kvað hann Hæstarétt hafa rækt þetta hlutverk sitt með mikilli prýði en að með stofnun Landsréttar myndi eðli Hæstaréttar breytast í ljósi þess að hann yrði æðsti dómstóll landsins eftir breytingarnar en Landsréttur tæki við hlutverki áfrýjunardómstóls.



Tæknin komin í danska dómsskerfið

Mikael Sjöberg fjallaði ítarlega um störf Eystri-Landsréttar en við undirbúning lagasetningar um Landsrétt var ekki síst horft til dansks réttar. Mikael lýsti því hvernig skýrslutökum af vitnum væri háttáð fyrir dóminum en mikil áhersla er lögð á að vitni séu ekki fengin fyrir dóminn til þess að bera um sömu hluti og þau gerðu á lægra dómstigi heldur eingöngu til þess að bæta við það sem fram kom í fyrri skýrslutöku. Þá fjallaði Mikael Sjöberg aðeins um með hvaða hætti fyrirtökur fyrir dóminum færu fram og upplýsti að ekki væri alltaf gert ráð fyrir að lögmennirnir mættu í dóminn heldur væru í einhverjum tilvikum haldnir fundir með aðstoð tölvubúnaðar.

Þá var áhugavert að heyra hann fjalla um hvernig dómstólarnir í Danmörku hafa tileinkað sér tæknina við gagnaskil til dómstóla. Samkvæmt dómáranum danska verður frá og með nóvember 2017 smám saman tekin í notkun sérstök gátt á netinu þar sem dómstólarnir taka á móti gögnum, www.minrettsag.dk. Þessi umfjöllun var ekki síst áhugaverð í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram hér á landi um aukið vægi tölvutækninnar við meðferð mála fyrir dómstólum.

Að lokinni framsögu Mikael var boðið upp á pallborðs-umræður með þátttöku Hervarar Þorvaldsdóttur forseta Landsréttar, Benedikts Bogasonar formanns stjórnar dómstólasýslunnar, Reimars Péturssonar formanns LMFÍ

og Sigríðar Friðjónsdóttur ríkissaksóknara. Voru umræður líflegar og gagnlegar.

Óánægja með fyrirkomulag

Að lokum má geta þess að nokkurrar óánægju gætti með kynningu og framkvæmd fundarins meðal fundarmanna. Í fundarboði stóð í fyrirsögn að efni fundarins yrði málsmeðferð fyrir Landsrétti – útfærsla, verklag og önnur praktísk atriði. Raunin varð þó eilítið önnur en aðallega var fjallað um hvernig málum er háttáð hjá Eystri-Landsrétti í Danmörku án þess að heimfæra það sérstaklega upp á íslensku reglunar og hvernig líklegt sé að hlutirnir verði gerðir hér. Þá kom hvergi fram í fundarboðinu að tungumál fundarins yrði danska en ekki allir lögmenn eru mælandi á danska tungu þó svo þeir haldi því flestir fram á tyllidögum. Þá má vekja athygli á því að fundurinn hófst töluvert á eftir áætlun og löng biðröð myndaðist við innganginn þar sem tekið var við greiðslu. Telja verður lyklatriði að hádegisverðarfundir hefjist stundvíslega og mikilvægt að til framtíðar sé gætt að því að koma málum þannig fyrir að ekki myndist slíkir flöskuhálsar.

Að öðru leyti var þetta vel heppnaður fundur enda áhugavert umræðuefni og ætíð gaman að hitta kollega utan réttarsalarins.

[EH](#) og [BHB](#)

NÁMSKEIÐ UM MILLI- DÓMSTIG



Um þessar mundir stendur Lögmannafélag Íslands fyrir námskeiðum um meðferð mála fyrir Landsrétti. Vegna gríðarlegs áhuga stefnir í að alls verði haldin níu námskeið sem að minnsta kosti 350 lögfræðingar munu sækja. Sigurður Tómas Magnússon, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík og verðandi dómari við Landsrétt, kennir á námskeiðunum en það fyrsta var haldið 5. desember sl.

Megininntak námskeiðsins er yfirferð yfir þær breytingar sem verða á málsmeðferð fyrir héraðsdómi, hvernig málsmeðferð fyrir Landsrétti verður háttað, einkum munnlegri sönnunarfærslu, og svo málskotsheimildir til Landsréttar og Hæstaréttar.



Hvað héraðsdómanna varðar þá verða miklar breytingar á kvaðningu sérfróða meðdómsmanna en meginreglan verður að eingöngu einn sérfróður meðdómandi mun sitja í fjölskipuðum dómi í héraði og í þeim tilvikum sem máli er áfrýjað mun Landsréttur kveðja til sérfróðan meðdómsmann. Þá verður sú grundvallarbreyting gerð á fyrirkomulaginu að dómstólasýslan mun finna sérfróða meðdómsmenn á ýmsum sviðum og útbúa lista yfir þá, sem auðvelda mun dómurum lífið til muna.

Málskot og meðferð mála fyrir Landsrétti

Í hinu nýja kerfi munu kæruheimildir vegna úrskurða héraðsdómstóla til Landsréttar vera þær sömu og nú gilda um málskot til Hæstaréttar og með sama hætti verða heimildir til áfrýjunar til Landsréttar þær sömu og til Hæstaréttar nú, með þeirri undantekningu að lágmarksfjárhæð hækkar í kr. 1.000.000, verðtryggt frá næstu áramótum. Þá hefur verið gerð sú grundvallarbreyting að áfrýjunarfrestur í einkamálum hefur verið stytur í fjórar vikur.

Reglur Landsréttar um málsgögn og fleira hafa ekki verið birtar, en gera má ráð fyrir að þær líti dagsins ljós fljótlega. Samkvæmt Sigurði Tómasi má ganga útfrá því að þær verði með svipuðu sniði og nógildandi reglur Hæstaréttar um sömu atriði. Þá kom fram að gerð upplýsingakerfis fyrir dómstólinn væri á lokastigi og að þegar fram í sækti mætti gera ráð fyrir að gerð yrði krafa um að gögn yrðu afhent dómnum á rafrænu formi.

Almennt virðist annars gert ráð fyrir að málsmeðferð fyrir Landsrétti verði sambærileg því sem nú er í Hæstarétti en með nokkrum undantekningum þó. Til að mynda er gert ráð því að haldið sé undirbúningsþinghald, ef þörf krefur að mati dómsins, til ákvörðunar um hugsanlegar vitnaleiðslur, spilun á myndbandsupptökum, gagnaframlagningu og fleira.

Munnleg sönnunarfærsla

Sigurður Tómas fór með ítarlegum hætti yfir fyrirkomulag varðandi munnlega sönnunarfærslu fyrir Landsrétti; í hvaða tilvikum fyrirséð er að myndbandsupptökur verði spilaðar og undir hvaða kringumstæðum ný vitni, og vitni sem þegar hafa gefið skýrslu fyrir héraðsdómi, kunni að verða kölluð fyrir Landsrétt. Við mat á því hefur verið leitast við að finna hæfilegt jafnvægi milli sjónarmiða um skilvirkt og hagkvæmt dómskerfi, málshraðareglunnar og meginreglunnar um milliliðalaus sönnunarfærslu. Niðurstaðan varð sú að munnleg sönnunarfærsla verður ekki endurtekin að öllu leyti fyrir réttinum heldur aðeins bætt við hana eftir því sem Landsrétti þykir þurfa.

Nú er unnið að því að móta innri viðmiðunarreglur við mat á þörf fyrir munnlega sönnunarfærslu og spilun á upptökum. Þá verða væntanlega einnig gefin út fyrirmæli til málflytjenda um þessi atriði. Ljóst þykir þó að þörfin fyrir munnlega sönnunarfærslu fyrir Landsrétti verður meiri í sakamálum en í einkamálum, eðli málsins samkvæmt.

frh. bls. 19

Gleðileg jól, farsælt komandi ár



REYKJAVÍK

ADVEL lögmenn slf.

Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

Arctica Finance hf.

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

ÁH lögmenn slf.

Vættaborgum 144, 112 Reykjavík

BBA/Legal ehf.

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Bonafide lögmenn og ráðgjöf sf.

Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

Bótaréttur lögmennsstofa, innheimta slysa- og skaðabóta

Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Draupnir lögmennsþjónusta ehf.

Laugavegi 182, 105 Reykjavík

E. Sigurjónsson lögmennsstofa ehf.

Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

Fjeldsted & Blöndal lögmennsstofa slf.

Suðurlandsbraut 18, 4. hæð, 108 Reykjavík

JA Lögmenn ehf.

Knarrarvogi 4, 104 Reykjavík

Juralis, lögmenns- & ráðgjafastofa

Sveinn Guðmundsson hrl.

Ingi Freyr Ágústsson hdl.

Leó Daðason hdl.

Laugavegi 178, 105 Reykjavík

LAG-Lögmenn sf.

Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Lausnir lögmennsstofa

Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík

Lex ehf.

Borgartúni 26, 105 Reykjavík

LOG lögmennsstofa sf.

Kringlunni 7, 103 Reykjavík

Lög og innheimta ehf.

Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.

Sigtúni 42, 105 Reykjavík

Löggarður ehf.

Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík

Lögmenn Árbæ slf.

Nethyl 2, 110 Reykjavík

Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.

Stórhöfða 25, 110 Reykjavík

Lögmenn Laugavegi 3 ehf.

Laugavegi 3, 101 Reykjavík

Mandat lögmennsstofa

Ránargötu 18, 101 Reykjavík

NORDIK lögfræðiþjónusta slf.

Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík

ÓK Lögmenn slf.

Gufunesvegi, 112 Reykjavík

Pacta lögmenn

Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

Sigurður I. Halldórsson hdl.

Síðumúla 13, 108 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf.

Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Sveiney ehf.

Granaskjólí 90, 107 Reykjavík

Veritas lögmenn slf.

Borgartúni 28, 3. hæð, 105 Reykjavík

Vík lögmennsstofa ehf.

Laugavegi 77, 101 Reykjavík

SELTJARNARNES

Gunnar Guðmundsson hdl.

Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi

KÓPAVOGUR

Íslenska lögfræðistofan

Smáratorgi 3, 201 Kópavogi

Lögmennsstofa Guðmundar Þórðarsonar og

Fasteignasala Kópavogs

Hamraborg 14a, 200 Kópavogi

HAFNARFJÖRDUR

Lögafll ehf., lögmennsstofa

Háabergi 3, 221 Hafnarfirði

Lögmenn Thorsplani sf.

Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði

STYKKISHÓLMUR

Málflutningsstofa Snæfellsness

Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmi

Hvað þörf á munnlegri sönnunarfærslu fyrir Landsrétti varðar benti Sigurður Tómas á mikilvægi þess að sameiginlegur skilningur og sátt skapist milli Landsréttar annars vegar og málflytjenda hins vegar um að kröfum um munnlega sönnunarfærslu verði stillt í hóf. Að öðrum kosti skapist hætta á að dómstóllinn geti ekki sinnt hlutverki sínu, málsmeðferðin verði of þung og afgreiðsla mála dragist úr hófi.

Sigurður Tómas taldi að ganga mætti útfrá því að krafa verði gerð um að í greinargerðum málsaðila verði tilgreint, með nákvæmum hætti, hver ósk viðkomandi sé hvað munnlega sönnunarfærslu og spilun á myndbandsupptökum varðar. Lögmennt þurfi að vanda mjög til verka og tilgreina röksemdir fyrir umbeðinni sönnunarfærslu.

Málskot til Hæstaréttar

Sigurður Tómas fjallaði að lokum um málskot til Hæstaréttar. Þannig er til staðar í lögnum heimild til þess að skjóta málum beint úr héraði til Hæstaréttar. Sú heimild er þó afar þröng og bundin ófrávíkjanlegum skilyrðum.

Kæruheimildir frá Landsrétti til Hæstaréttar eru fáar og ekki hefur verið vilji til þess að útvíkka þær frekar. Þá er með nýju löggjöfnni gert að skilyrði fyrir áfrýjun til Hæstaréttar að dómstóllinn veiti áfrýjunarleyfi. Hversu mörg mál munu koma fyrir Hæstarétt í hinu nýja kerfi þegar upp verður staðið, og hversu mörg þeirra munu fá umfjöllun þar, er ómögulegt að segja til um enn sem komið er.

Það er hins vegar augljóst að hlutverk Hæstaréttar mun taka miklu breytingum í hinu nýja kerfi frá því sem nú er. Hæstiréttur mun dæma í mun færri málum og hinar nýju reglur gera ráð fyrir að réttarskapandi hlutverk hans verði aukið til muna.

Eva Halldórsdóttir



LR Lögfræðistofa Reykjavíkur

SKÝRSLA OG FÉLAGSFUNDUR

LMFÍ SKORAR Á DÓMSMÁLARÁÐHERRA AÐ TRYGGJA RÉTTINDI HÆLISLEITENDA

Á haustdögum kom út skýrsla Lögmannafélags Íslands um málefni hælisleitenda og af því tilefni var haldinn félagsfundur þann 5. október síðastliðinn. Arnar Þór Stefánsson hrl., varaformaður LMFÍ, sagði í upphafi fundar að í samþykktum félagins kæmi fram að tilgangur þess væri m.a. að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis. Því hefði stjórn félagins á vordögum ákveðið að stofna sérstakan vinnuhóp til að fjalla um málefni hælisleitenda; núverandi fyrirkomulag talsmennsku og meðferð íslenskra stjórnvalda á beiðnum umsækjenda um alþjóðlega vernd. Einnig hafi hópnum verið falið að koma með tillögur um hvernig tryggja mætti umsækjendum um alþjóðlega vernd greiðari aðgang að þjónustu sjálfstætt starfandi lögmannna og aðgang að dómstólum.



Félagsfundur um málefni hælisleitenda.

Lögmenn útilokaðir

Sigurður Örn Hilmarsson hrl., sem átti sæti í vinnuhópnum, kynnti efni skýrslunnar og sagði að lögmenn á Íslandi hefðu löngum barist fyrir málefnum flóttafólks og hælisleitenda. Hefðu störf lögmanna ekki einungis varðað umsóknir um alþjóðlega vernd heldur einnig ýmis önnur grundvallarréttindi. Árið 2014 gerði innanríkisráðuneytið tímabundinn samning við Rauða krossinn um að annast ráðgjöf og gæta hagsmuna hælisleitenda gagnvart stjórnvöldum, þ.e. bæði gagnvart útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála. Lögmenn hefðu þegar viðrað áhyggjur sínar vegna þessa en bundu vonir við að ný útlendingalög myndu breyta þessu. Af því varð ekki heldur hefði lagastofn verið skotið undir þessa framkvæmd. Í forútbóði sem innanríkisráðuneytið efndi til í haust hafi verið augljóst að verið væri að sérsníða þjónustuna að Rauða krossinum með því að blanda saman ólíkum þjónustupáttum, lögfræðiaðstoð og félagsþjónustu, þannig að lögmenn hafðu verið útilokaðir frá því að bjóða í þjónustuna. LMFÍ gerði athugasemd við þetta en allt kom fyrir ekki.

Veglausir hælisleitendur

Sigurður sagði skýrsluna sýna fram á það að sjálfstætt starfandi lögmönnum væri ókleift að sinna þessum málaflokki sökum þess að fjárhagsaðstoð til hælisleitenda vegna réttaraðstoðar væri einskorðuð við Rauða krossinn sem sinni þó einungis fyrirsvári gagnvart útlendingastofnun og kærunefndinni. Eftir það væru skjólstaðingar samtakanna veglausir. Lögmenn fengu

Vinnuhóp um málefni hælisleitenda skipuðu Claudie Ashonie Wilson hdl., Sigurður Örn Hilmarsson hrl., Hrefna Dögg Gunnarsdóttir hdl., Katrín Theodórsdóttir hdl., Helga Vala Helgadóttir hdl., og Ívar Þór Jóhannsson hdl.

Fyrir fundinum lá tillaga að svohljóðandi ályktun:

„Félagsfundur í Lögmannafélagi Íslands haldinn 5. október 2017 telur að sú framkvæmd sem er viðhöfð hér á landi varðandi málsmeðferð umsækjenda um alþjóðlega vernd, kunni að brjóta gegn grundvallarréttindum hælisleitenda.

Skorar fundurinn á dómsmálaráðherra að tryggja umsækjendum um alþjóðlega vernd aðgang að raunhæfum réttarúrræðum og fái aðgang að sjálfstætt starfandi lögmanni frá upphafi málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum og að sú aðstoð verði greidd af ríkissjóði“.



Helga Vala Helgadóttir

heimsóknir hælisleitenda í mikilli neyð sem vildu leita dómstóla en hefðu ekki efni á því. Þá kom einnig fram að allfestum umsóknum um frestun réttaráhrifa væri hafnað, þ.e. 85% árið 2015 og 86% árið 2016, og að gjafsókn fengist nánast aldrei. Í tillögum vinnuhópsins væri lagt til að umsækjendum um alþjóðlega vernd yrði tryggður aðgangur að lögmanni og sú aðstoð væri greidd úr ríkissjóði. Þá yrðu lögbundnir frestir til málshöfðunar lengdir og einnig að því yrði frestað að umsækjandi þyrfti að yfirgefa landið ef hann hygðist höfða dómsmál. Þá var lagt til að skilyrði gjafsóknar yrðu endurskoðuð.

Gagnrýni á tillögu að ályktun

Líflegar umræður spunnust um skýrsluna og tillögu að ályktun sem lá fyrir fundinum. Fyrstur tók til máls Einar Hálfðánarson hrl. Vísaði hann til 9. og 10. gr. MSE og að af dómaframkvæmd leiddi að ekki færi saman félagafrelsi og að félag með skylduaðild ályktaði með slíkum hætti. Af þeim sökum væri LMFÍ ekki heimilt að samþykkja þá tillögu er lægi frammi og hann furðaði sig á því að félagið léti til sín taka í þessu máli. Skýrsluna teldi hann vera pólitískt plagg, spurði hvernig hefði verið skipað í hópinn og hvort þarna væri fólk sem hefði hagsmuna að gæta. Taldi hann einnig að betur hefði mátt standa að kynningu skýrslunnar með fundi um efnið og að frekar hefði mátt láta reyna á hvort ákvæði útlendingalaganna stæðust. Teldi hann ekki ástæðu til að mæla með því að réttaráhrifum yrði frestað. Til þess væru málin of mörg og gætu orðið fleiri. Á Íslandi væri umræða um málefni hælisleitenda orðin afvegaleidd og hann skoraði á stjórnina að draga tillöguna til baka.



Sigurður Örn Hilmarsson

Gagnrýni svarað

Arnar Þór vísaði til þess að tilgangur félagsins væri meðal annars að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis og því teldi stjórnin ástæðu til að láta málið til sín taka eins og félagið hefði oft gert í sambærilegum málum, s.s. varðandi gjafsókn og réttaröryggi tiltekinna hópa. Stjórnin hefði valið lögmennt í nefndina sem best þekktu til málaflokksins og dreift skýrslunni með tölvupósti viku fyrir fundinn svo að félagsmenn ættu kost á því að kynna sér efni hennar. Þetta væri hinn rétti félagslegi vettvangur og væri málið rétt upp borið.



Einar Hálfðánarson

Sigurður Örn ítrekaði að LMFÍ hefði áður fjallað um sambærileg mál, s.s. um réttláta málsmeðferð og ákvæði MSE. Þá hefði gagnrýni vinnuhópsins beinst að hlutverki kærunefndarinnar sem væri að úrskurða og síðan hefði þessi sama nefnd það hlutverk að úrskurða um frestun réttaráhrifa. Af þessu hlytist ákveðin vandamál en þessu væri til dæmis öðruvísi farið í nágrannalöndunum.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. minnti á samþykktir Sameinuðu þjóðanna um „The role of lawyers“ og Evrópuráðsins um skyldur lögmannafélaga á sviði mannréttinda. Skyti það skökku við ef lögmannafélagið mætti ekki tjá sig um réttindi borgaranna. Slík sjónarmið sem fram hefðu komið hefðu ekki verið samþykkt á vettvangi lögmannafélagsins.

Framkvæmd í Noregi

Einar kom aftur í pontu og vísaði til framkvæmdar í Noregi og að mismunandi sjónarmið giltu eftir því hvaðan hælisleitendur kæmu. Ekki væri brot á reglum um réttaröryggi þó hælisumsóknir frá ríkisborgurum tiltekinna ríkja væru afgreiddar á 48 klst. Miklum fjármunum væri ráðstafað til málaflokksins á fjárlögum og spurning væri hvort einhverjir hefðu hagsmuni af aðkomu félagsins í þessu máli.

Ekki í samræmi við reglur réttarríkis

Ástráður Haraldsson hrl. sagði að margt mætti segja um skýrsluna og hann væri ekki endilega sammála öllu sem þar kæmi fram. Hins vegar fæli tillagan að ályktuninni ekki í sér að fundurinn tæki afstöðu til efnis skýrslunnar heldur væri með ályktuninni verið að benda á með þessari vinnu hafi komið í ljós ýmis atriði í framkvæmd sem ekki virtust samræmi við reglur sem við teldum að ættu að gilda um réttarríki og alþjóðlegar skuldbindingar um að tryggja eigi viðeigandi og haldbær úrræði fyrir hælisleitendur. Þá væri

einnig verið að gæta hagsmuna lögmannastéttarinnar. Það gangi ekki að stjórnvöld fara að bjóða út ýmis réttargæsluverkefni. Slík framkvæmd sé til þess fallin að draga úr réttaröryggi.

Réttindi borgaranna - hverjir sem þeir eru


Helga Vala Helgadóttir hdl. fagnaði því að félagið væri að velta þessum málefnum fyrir sér. Hún mótmælti hins vegar þeim orðum að tilteknir lögmennt væru að hagnast á þessari afstöðu félagsins. Benti hún á að lögmennt væru oftar en ekki að vinna þessi mál í sjálfboðavinnu. Starf félagsins eigi að snúast um réttindi borgaranna hverjir sem þeir eru.

Tillaga samþykkt

Í lok fundar var tillaga að ályktun fundarins samþykkt með 25 atkvæðum gegn tveimur. Hildur Ýr Viðarsdóttir hrl. var fundarstjóri og Sonja Berndsen hdl. var fundarritari.

Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.

Léttum starfsfólki lífið!



Við sækjum og sendum fatnaðinn
- sendið fyrirspurnir á haaleiti@bjorg.is




GÆÐI - ÞEKING - ÞJÓNUSTA

Háaleitisbraut 58-60 • 108 Rvk • haaleiti@bjorg.is • Sími: 553 1380

juris

Borgartúni 26
105 Reykjavík
580 4400
www.juris.is



Andri Árnason, hrl.
Edda Andradóttir, hrl., LL.M.
Finnur Magnússon, hrl., LL.M.
Halldór Jónsson, hrl.
Lárus L. Blöndal, hrl.
Sigurbjörn Magnússon, hrl.
Simon David Knight, solicitor
Stefán A. Svansson, hrl., LL.M.
Vífill Harðarson, hrl., LL.M.

SAGA ANNARS STOFNANDA
MÁLFLUTNINGSMANNAFÉLAGS ÍSLANDS
KOMIN ÚT:



ÆVISAGA OG ALDARSPEGILL

Út er komin ævisaga Eggerts Claessen hæstaréttarmálflutningsmanns sem stofnaði Málflutningsmannafélag Íslands ásamt Sveini Björnssyni. Eggert samdi fyrstu lög félagsins þar sem m.a. segir að félaginu sé ætlað „... að gæta hagsmuna málflutningsmanna, efla góða samvinnu milli þeirra og stuðla til þess, að þeir fylgi sömu reglum um borgun fyrir störf sín“. Lögin voru samþykkt af 17 lögfræðingum á stofnfundum félagsins sem haldnir voru 27. nóvember og 11. desember 1911. Eggert var formaður félagsins fyrstu sjö árin en síðan sat hann í stjórn hluta af starfsárinu 1921-1922 og var aftur formaður 1939-1940. Nafni félagsins var breytt í Lögmannafélag Íslands árið 1942.

Guðmundur Magnússon sagnfræðingur og blaðamaður skrifaði sögu Eggerts en segja má að hún sé einnig atvinnusaga Íslands í árdaga tuttugustu aldar þar sem hann kom að stofnun og rekstri fjölmargra fyrirtækja sem stofnuð voru á þeim tíma, s.s. Eimskipafélags Íslands og Fossafélagsins Titan. Þá var hann náinn samstarfsmaður Hannesar Hafstein eftir að heimastjórn komst á árið 1904 og sá um ýmsa fjármálagjörninga fyrir Einar Benediktsson skáld. Í tilefni útkomu sögu Eggerts tók Lögmannablaðið viðtal við Guðmund.



Hvað getur þú sagt okkur um Eggert Claessen?

Eggert ólst upp í fjölskyldu sem var ágætlega efnuð en faðir hans var kaupmaður á Sauðárkróki. Það kom snemma í ljós að Eggert var góður námsmaður og það varð úr að hann fór til Kaupmannahafnar að læra lög eins og margir úr móðurætt hans höfðu gert. Á þessum tíma urðu flestir lögfræðingar embættismenn en Eggert virðist ekki hafa haft áhuga á því og það sama má segja um Svein Björnsson, síðar forseta, sem lærði lög á svipuðum tíma. Þjóðfélagið var að taka miklum breytingum og þessir ungu menn höfðu áhuga á því að láta að sér kveða sem lögfræðingar, vera með fjársýslu, fasteignasölu og viðskipti að ýmsu tagi.

Eitt sem ég velti fyrir mér við skrif bókarinnar, og spurði lögfræðinga um, var hvaða vandamál fylgdu því að læra lög í Danmörku og koma svo heim og starfa í íslensku lagaumhverfi. Það hafði verið stofnaður prestaskóli og læknaskóli en enginn lagaskóli þrátt fyrir óskir manna um það. Svo komu menn heim fulllærðir og þurftu að setja sig inn í íslenska lagahefð og réttarvenjur og vinna eftir íslenskum lögum. Þetta hlýtur að hafa verið áskorun fyrir unga menn. Því miður sýnist mér þetta vera alveg órannsakað efni.

Eggert kom heim árið 1903 og þá komu fréttir norðan úr Skagafirði, þar sem fjölskylda hans bjó, að þar væri

laust sýslumannsembætti. Hann ýtti því frá sér, opnaði lögfræðistofu og byrjaði að auglýsa þjónustu sína þar sem segir að hann tækjað sér almenn lögfræðistörf og milligöngu um lánveitingar, sem var nýlunda. Eini maðurinn sem hafði auglýst þjónustu sína fram að þessu var Einar Benediktsson og hann virðist hafa verið fyrirmynd Eggerts.

Hvernig gengu lögfræðistörfin hjá Eggerti í byrjun?

Lánastarfsemi var ekki burðug á þessum tíma og einungis hægt að fá lán í Landsbankanum þar sem Tryggvi Gunnarsson, frændi Eggerts, var bankastjóri og í opinberum sjóðum eins og Söfnunarsjóðnum sem Eiríkur Briem, móðurbróðir hans, rak. Þessi ungi maður var því með sambönd og menn í alls kyns atvinnustarfsemi höfðu fljótlega samband við hann.

Strax haustið 1903 vantaði fastan málflytjanda við Landsyfírréttinn en þá voru þrjú dómstig; undirréttur í hverju héraði, Landsyfírréttur í Reykjavík og Hæstiréttur í Kaupmannahöfn. Einar Benediktsson hafði verið skipaður í þetta starf en hann var önnur kafinn við önnur störf og í leyfi frá réttinum. Það varð úr að Magnús Stephensen landshöfðingi bauð Eggerti að verða annar tveggja svokallaðra prókúratara, eða málflytjanda, við Landsyfírréttinn sem voru föst störf sækjanda og verjanda sem sáu um opinberan málflytning fyrir ríkið og fengu fyrir það

föst mánaðarlaun. Það er engin tilviljun að Magnús fékk Eggert til starfans því auk þess að vera klár og duglegur var hann vinur allra frænda hans, þetta var lítil yfirstéttarklíka í bænum. Með þessu starfi fékk Eggert föst laun sem honum þóttu alls ekki nógu góð en þannig byrjaði hann lögfræðistörf í Reykjavík.

Eggert sinnti þessu starfi í stuttan tíma því veturinn 1903-1904 urðu straumhvörf í íslensku samfélagi þegar heimastjórn komst á. Hannes Hafstein var móðurbróðir Sophiu Jónassen, eiginkonu Eggerts. Þegar hann var skipaður ráðherra varð Eggert aðstoðarmaður hans í ráðuneyti atvinnumála 1. febrúar 1904. Eggert varð trúnaðarmaður Hannesar og hans hægri hönd. Hann fékk síðan leyfi Hannesar til að praktisera lögmannsstörf meðfram störfum í stjórnarráðinu. Ýmsir leituðu til hans, eins og Thor Jensen og Einar Benediktsson, og smám saman tóku lögfræðistörfin yfir enda voru þau honum mun hjartfólgnari. Hann hætti í stjórnarráðinu og varð aftur landsyfirréttarlögmaður.

Fljótlega varð Eggert umsvifamikill lögfræðingur jafnframt því sem hann fékk áhuga á viðskiptum. Hann fékk fljótt það orð á sig að vera öflugur og greindur, jafnframt að hann væri maður lagakróka, harðskeyttur, fylginn sér og ákaflega skipulagður í vinnubrögðum. Hann kynnti sér mál í þaula og lagði mikið upp úr gagnaöflun. Hann flæktist inn í alls konar áform Einar Benediktssonar um fossamál og önnur sem ég segi ekki frá í bókinni því þau voru svo umsvifamikil.

Málflutningsmannafélagið var stofnað árið 1911 en hvenær byrjuðu lögfræðingar að velja fyrir sér stofnun félags?

Þegar Eggert hóf störf var talsvert um undirboð og engar reglur giltu um kaup og kjör lögfræðinga, engir taxtar voru til. Því var það árið 1906 að Eggert kallaði saman lögfræðinga bæjarins og þeir bjuggu til sérstakan málflutningsmannataxta, settu reglur um prósentur, kostnað við gerð afsals, kaupsamninga og lánasamninga en þessi taxti hefur varðveist. Orðspor lögfræðinga var ekki mjög gott á þessum tíma og samstarf þeirra og gagnkvæm virðing ekki sem skyldi. Því var það að hann stofnaði Málflutningsmannafélag Íslands ásamt Sveini Björnssyni þann 11. desember árið 1911 og félagið setti sér fljótlega siðareglur.

Þeir Eggert og Sveinn höfðu síðan mikil áhrif á stofnun Hæstaréttar árið 1920 en þeir ákváðu að verða fyrstu málflutningsmennirnir við réttinn. Þeir fóru til Danmerkur

og kynntu sér störf Hæstaréttar þar, þar á meðal munnlegan málflutning sem var nýmæli á Íslandi. Meðal annars stuðluðu þeir að því að dómara og lögmenn klæddust skikkjum og hefur svo verið síðan. Þegar þeir félagar fluttu fyrsta prófmálið við Hæstarétt árið 1920 ávarpaði Eggert réttinn og sagði að hann sæi fyrir sér að lögmennska yrði lífsstarf hans. Það hafi hann alltaf hugsað sér og hann teldi því eðlilegt að hann fengi sér þessi réttindi.

Valdamaður í aðalbanka landsins

En fljótlega urðu straumhvörf í lífi hans, ekki rétt?

Jú, því aðeins ári síðar varð hann aðalbankastjóri Íslandsbanka, við hlið tveggja annarra bankastjóra. Hann var á þessum tíma umsvifamikill lögmaður með 500 viðskiptavinum. Það er til skrá yfir þá alla og þetta var rjóminn af íslenskum athafnamönnum og fyrirtækjum og líka danskir kaupmenn sem hann innheimti fyrir. Eggert gerði samning við tvo lögmenn í bænum sem tóku við viðskiptavinum lögfræðistofunnar hans um að þeir borguðu honum ákveðna prósentu af öllum viðskiptum við þá.

Fyrir bankastjórastöðuna samdi Eggert síðan um tvöföld árslaun ráðherra auk dýrtíðaruppbótar og á endanum fékk hann 40.000 krónur og varð þar með hæst launaðasti maður landsins og engin dæmi um annað eins. Hann samdi líka þannig að það var ekki hægt að segja honum upp nema með flóknum og löngum aðdraganda. Hann varð þar með aðalmaðurinn í aðalbanka landsins og gat ráðið úrslitum um hvort fyrirtæki lifðu eða dóu, feiknarlega valdamikill. Íslandsbanki varð umdeildur banki og miðdepill pólitískra deilna. Það var markvisst reynt að þrengja að honum og hann fór í þrot árið 1930. Margir vildu kenna óstjórn í bankanum um en það er mikil einföldun.

Stofnun Vinnuveitendasambandsins

Hvað tók Eggert sér fyrir hendur eftir að hann hætti sem bankastjóri?

Hann var orðinn 54 ára gamall sem var talsverður aldur á þessum tíma og opnaði aftur lögmannsstofu í miðbænum. Margir af hans gömlu viðskiptavinum snéru aftur til hans og hann settist í stjórnir ýmissa fyrirtækja. Hann hafði reyndar setið í stjórn Eimskips frá stofnun 1914 en það gaf einnig tekjur og mikla vinnu.

Svo var leitað til hans um að aðstoða atvinnurekendur í vinnudeilum en á þessum tíma voru engar reglur um verkföll eða samningar við launafólk. Eggert hafði áður aðstoðað Thor Jensen og aðra útgerðarmenn að semja í kjaradeilum.

Árið 1934 hafði hann frumkvæði að því ásamt Ólafi Thors forstjóra Kveldúlfs og fleiri stóratvinnurekendum að stofna Vinnuveitendasamband Íslands. Eggert varð leiðtogi atvinnurekenda og aðalsamningamaður þeirra en þetta varð stór hluti af störfum hans þar til hann dó árið 1950. Meðal annars fór Eggert til Norðurlanda og kynnti sér hvernig vinnudeilum væri háttað þar og vildi hann innleiða norrænan vinnurétt. Segja má að hann hafi komið með það sem kalla má lögfræðilega sýn í þessar pólitísku kjaradeilur sem voru á þessum tíma en hann vildi koma á vinnudómstól og samningum milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Þetta fékk ekki miklar undirtektir til að byrja með en á endanum var sett vinnulöggjöf sem var undir áhrifum frá frumvarpi sem hann hafði áður samið og Thor Thors flutt á Alþingi.

Málflytjandi af Guðs náð

Hvernig lögfræðingur var Eggert?

Eggert var harðskeyttur lögfræðingur, eldklár og vann mjög skipulega. Hann var fljótur að finna veiku punktana hjá andstæðingum og var málflytjandi af Guðs náð. En þeir sem þekkja best til hans segja að hann hafi ekki verið lögspekingur, hafði ekki áhuga á lögfræði sem fræðilegu viðfangsefni eða álitamálum, heldur hafi hann verið afar praktískur og rekið áfram sinn málflutning. Hann gat verið ákaflega harður í horn að taka.


Voru viðskiptavinir hans mest megin fyrirtæki?

Nei, hann tók einnig mikið af málum fyrir einstaklinga en var ekki ódýr lögmaður og eðli málsins samkvæmt voru það helst efnamenn, kaupmenn og útgerðarmenn sem leituðu til hans. Það er gríðarlega mikið af málum í skjalasafni hans og alls konar samningar sem hann gerði fyrir fólk; skilnaðarsáttmálar, erfðaskrár, lánsamningar og kaupsamningar. Þar er mikill heimildagrúnnur um hvernig lögmennt unnu á fyrri hluta 20. aldar og hvaða venjur voru í gildi. Ég segi aðeins frá því í sögu Eggerts en þetta er slík náma og þeir sem hafa áhuga á réttarsögu gætu fundið margt áhugavert í þessu safni.

Fyrirmyndar lögmaður

Af hverju heldur þú að Eggert hafi gleymst?

Í sjálfu sér þarf það ekki að koma á óvart. Í rauninni eru það afar fáir menn sem komast á spjöld sögunnar og lifa lengi í þjóðarminninu. Flest fyrnist þá frá líður, segir máltækið. En þetta er helst undarlegt í ljósi þess hve Eggert var áberandi maður í íslensku þjóðlífi um áratugaskeið á fyrri hluta síðustu aldar. Það má segja að hvert mannsbarn sem fylgdist á annað borð með opinberum málum á þeim



Eggert Claessen.

tíma hafi kannast við nafn hans og fyrir hvað hann stóð. En ýmislegt spilar vafalaust þarna inn í, t.d. að síðustu 15 árin sem hann lifði var hann einkum áberandi sem andlit atvinnurekenda í hörðum vinnudeilum þar sem báðir aðilar voru gjarnan mjög einstrengingslegir. Svo breyttist þjóðfélagið. Það kom meiri sátta- og samstarfstönn í vinnumarkaðinn. Menn vilja gleyma þessum hörðu átökum, ekki síst atvinnurekendamegin, og þá er persónunum og sögunni ekki haldið á lofti. En annars er ástæða til að taka það fram að bók mín er alls ekki skrifuð í því skyni að gera Eggert frægan að nýju eða tryggja honum sess í sögunni. Slíkur hégómi hefði verið andstæður skapgerð hans. En hann lét eftir sig afar merkilegt skjalasafn sem kallaði á bók. Í því eru miklar upplýsingar um hann sjálfan og fjölskyldu hans og ætt, en ekki síður um íslenskt þjóðfélag á miklu breytingaskeiði í lok 19. aldar og upphafsárum hinnar 20. Þótt formið sé ævisaga er þessi bók vonandi ekki síður aldarspegill; lýsing á íslensku þjóðfélagi á dögum Eggerts.

[Eyrún Ingaóttir](#)

HUGLEIÐINGAR UM #METOO BYLTINGUNA

KOLBRÚN GARÐARSDÓTTIR HDL.



Umræðan um kynbundið ofbeldi og áreiti eins og hún birtist í dag er bylting. Hún er bylting vegna þess að umræðan er ekki lengur bundin við mál sem tengjast refsiverðri háttsemi gerandanna, eða skömm þeirra sem fyrir því verða. Fyrir okkur öllum er að málást upp mynd af samfélagi þar sem að konur sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi, áreiti, niðurlægingu og smánun eru ekki í fámennum jaðarhópi heldur konur úr öllum kimum þjóðfélagsins. Fyrir okkur birtist veruleiki um að það heyrir ekki til undantekninga að konur verði fyrir einhverskonar áreiti, ofbeldi eða smættun í gegnum lífið heldur virðist það vera upplifun flestra kvenna á einhverjum tímamarki, í einkalífi, í námi eða á vinnumarkaði sem hefur ógnað bæði félagslegu og fjárhagslegu öryggi þeirra.

Sögurnar sem konur deila eru allt frá því að vera hæðnislegar athugasemdir um klæðaburð, útlit og vitsmuni til þess að vera ofbeldi í sinni verstu mynd.

Það er mikilvægt fyrir okkur öll sem horfum á, upplifum og tökum þátt í þessari umræðu að hún fái að vera einmitt það: Umræða og samtal um þessa meinsemd. Við þurfum öll að hlusta og leyfa konum og körlum tjá sig um þessi mál. Orð eru til alls fyrst og við þurfum að gefa umræðunni tíma og svigrúm til að gerjast án þess að fara í vörn eða sókn. Tilgangur umræðunnar er að leyfa þessu öllu að koma upp á yfirborðið þannig að við horfum á það og sjáum hegðunina fyrir það sem hún er.

Það verður engu breytt nema að við viðurkennum vandann. Hlustum á þá sem segja frá og tölum um þetta við hvert annað og út á við. Þannig vinnum við okkur saman útúr þessari meinsemd.

Viðfangsefnið og leiðin að lausn á því er samt sem áður vandasöm því við þurfum einnig að viðurkenna að sérhver manneskja þarf sjálf að meta hvaða framkomu hún umber og frá hverjum. Það er huglægt mat hennar hvort um kynbundið eða kynferðislegt áreiti er að ræða eða ekki. Við eigum aragrúa af reglum og skilgreiningum um það sem fallið getur undir það að vera kynferðislegt eða kynbundið áreiti á vinnustöðum og þessar reglur eru meðal þeirra verkfæra sem við getum nýtt okkur við að greina slíkar aðstæður.

Staðreyndin er sú að konur eru allt of oft að reyna að bjarga sér út úr óviðurkvæmilegum aðstæðum með því að taka kynbundnu misrétti, áreiti eða ofbeldi með þögn eða jafnvel sem hluta af einhverskonar viðurkenndri háttsemi sem erfitt sé að breyta.

Konur hafa jafnvel verið viðhlægjendur í sínum eigin málum eða sem áhorfendur og ekki áttað sig á því að setja mörkin þar sem þau eiga að vera að þeirra mati og eru orðnar dofnaðar fyrir virðingarleysi og hroka sem viðgengst víða. Það er sjálfsbjargarviðleitni en ekki samþykki og umræðan í dag er skýrasta merkið um að konur séu búnar að fá nóg og vilja að bæði gerendur og þolendur setji sér mörk.

Það má og það á að gera í samskiptum okkar á milli, sérstaklega í ljósi þess að kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreiti er hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og er einhliða.

Þeir taka það til sín sem eiga það.

Veldu samferðamann sem nær lengra

Arion eignastýring býður fjölbreytt úrval sjóða fyrir ólík fjárfestingarmarkmið.

Við mætum þínum þörfum með traustri ráðgjöf og djúpri þekkingu á möguleikum markaðarins.

Saman stefnum við að árangri



Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta, svo sem hættu á að ekki verði um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Í útboðslýsingu og lykilupplýsingum hvers sjóðs er að finna nánari upplýsingar um sjóðinn, m.a. um áhættu og hvort umræddur sjóður telst verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður. Auglýsingin er aðeins í upplýsingaskyni og skal ekki lítið á hana sem ráðgjöf um að ráðast í eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Gleðileg jól, farsælt komandi ár



LANDSLÖG


FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál

LIT ehf.
Ingi Tryggvason hrl.

 LÖGMANNSHLÍÐ
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
GLERÁRGÖTU 36 • 600 AKUREYRI • Sími: 466 2700 • Netfang: LH@LOGMANNSHLID.IS
SIGMUNDUR GUDMUNDSSON HDL • INGVAR ÞORODSSON HDL

 KPMG

K · R · S · T
LÖGMENN


pwc


ADVEL
LÖGMENN

Gyfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hrl.
Guðmundur Ómar Halsteinnsson hrl.

FORTIS
Lögmannsstofa

 LÖGMENN
HÖFÐABAKKA

LÖGMENN | LÆKJARGÖTU

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Sigurður Kári Kristjánsson hrl.

Lögmenn Lækjargötu, Lækjargötu 2, 101 Reykjavík, Sími: 512-1220

Eiríkur Áki Eggertsson hrl.

Ríkislögmaður, Hverfisgötu 4-6, 150 Reykjavík, Sími: 545-8490

Grétar Dór Sigurðsson hrl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 515-7400

Guðmundur H. Pétursson hrl.

Lögmenn Lækjargötu, Lækjargötu 2, 101 Reykjavík, Sími: 512-1220

Áslaug Árnadóttir hrl.

Landslög, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 520-2900

Halldór Brynjar Halldórsson hrl.

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Sími: 540-0318

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Hrannar Már S. Hafberg hdl.

Fiskistofa, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði, Sími: 569-7900

Halldór Heiðar Hallsson hdl.

Lögmannsstofa Reykjaness, Hafnargötu 35, 230 Reykjanessbæ, Sími: 415-0660

Svanfríður Dóra Karlsdóttir hdl.

Etica ehf., Austurstræti 17, 4. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 893-5503

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

Ragnar Árni Sigurðsson hdl.

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík, Sími: 569-9625

Kolbeinn Árnason hdl.

Essens lögfræðiþjónusta slf., Bankastræti 5, 101 Reykjavík, Sími: 824-2311

Ólafur Jóhannes Einarsson hdl.

BBA, Höfðatorgi, 105 Reykjavík, Sími: 550-0500

Aðalbjörg Guðmundsdóttir hdl.

Sjúkratryggingar Íslands, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík, Sími: 515-0000

NÝR VINNUSTADUR

Eva B. Sólan Hannesdóttir hdl.

Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Sími: 591-2000

Aðalsteinn Sigurðsson hdl.

Öryrkjabandalagið, Sigtúni 42, 105 Reykjavík, Sími: 530-6700

Lilja Ólafsdóttir hdl.

Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Sími: 591-2000

Tómas Hrafn Sveinsson hrl.

THS lögmannsþjónusta, Austurstræti 18, 4.hæð, 101 Reykjavík, Sími: 847-1255

Helga Hauksdóttir hdl.

Focus lögmenn, Kirkjutorgi 6, 2. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 511-0077

Jakob Björgvin Jakobsson hdl.

OPUS lögmenn, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Sími: 415-2200

NÝTT AÐSETUR

Pórir Skarphéðinsson hdl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 515-7400

Gunnar Sv. Friðriksson hdl.

Löghúsið ehf. lögmannsstofa, Stórhöfða 33, 110 Reykjavík, Sími: 566-0000

Árni Helgason hdl.

CATO lögmenn, Skólavörðustíg 3, 2. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 561-5700

Jóhannes Árnason hdl.

CATO lögmenn, Skólavörðustíg 3, 2. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 561-5700

Sverrir Pálmason hdl.

CATO lögmenn, Skólavörðustíg 3, 2. hæð, 101 Reykjavík, Sími: 561-5700



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

Litla & prent





Platinum Edition

Ríkulegur búnaður í Platinum Edition: Leður og Alcantara innrétting, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 20" RS Spider Platinum álfelgur, rafrdrifin GTS sportsæti, stillanlegur forhitari, Bi-Xenon framljós með beygju, BOSE® 665 watta hljóðkerfi, stillanleg fjóðrun (PASM), hiti í framsætum, 8 gira sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, Privacy glass (litað gler), tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafrdrifinn afturhleri, samlitir brettakantar, svartir háglans gluggalistar, skriðstillir (Cruise Control), upplýstir sísalistar, Porsche merki greytt í höfuðpúða, sjálfvirk birtustillingspegla, felgumiður með Porsche logo í lit, PCM, Porsche Connect Plus, o.m.fl. Verð: 11.950 þús. kr.

**Við hættum ekki að leika okkur af því við verðum gömul.
Við verðum gömul af því við hættum að leika okkur.**

Rafmagns Porsche - Cayenne S E-Hybrid
Verð frá 10.950 þús. kr.

Porsche Cayenne S E-Hybrid
416 hestöfl | 590Nm tog



PORSCHE

**Bílabúð
Benna**

Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna:
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

Opnunartími:
Virka daga frá 9:00 til 18:00